



Göngu- og hjólastígur með Háaleitisbraut, sunnan Bústaðavegar

Óskað er heimildar til verkhönnunar og gerðar útboðsgagna fyrir göngu- og hjólastíg samsíða Háaleitisbraut, sunnan Bústaðavegar. Stígurinn er í samræmi við AR2010-2030 og skilgreindur sem tengistígur. Þá fellur hann vel að stofnleiðaneti hjólreiða í hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar. Núverandi stígur er 2,5 m fyrir bæði hjólandi og gangandi. Nýr stígur mun bæta öryggi og aðgengi gangandi- og hjólandi umtalsvert.

Kaflinn er um 510m langur milli Bústaðavegar og Fossvogs. Fyrir liggur forhönnun á verkefninu. Áætlaður kostnaður sem miðast við aðskilinn göngu- og hjólastíg á allan þennan kafla er um 115 millj. kr. Þá hafa Veitur lagt fram ósk um þátttöku í verkefninu til að endurnýja raflagnir sem tengjast spennistöð við Landspítalann. Stefnt er á að framkvæmdir geti hafist á árinu.

Teikning á næstu síðu sýnir forhönnun verkefnisins.

Fyrir hönd skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar



Mynd 1 Sá kafli sem um ræðir er merktur með bláu (www.borgarvefsja.is)

Kristinn Jón Eysteinnsson
Verkefnastjóri samgöngumála



Mynd 2 Forhönnun stíga meðfram Háaleitisbraut milli Bústaðavegar og Fossvogs. Teikningarnar sýna einnig breytingar á gatnamótum Háaleitisbrautar og Bústaðavegar sem ætlunin var að fara í á síðasta ári var frestað að ósk Veitna.

